

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 11. apríl 2024 í máli nr. 66/2023

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmenirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 17. júlí 2023 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings við kaup á þjónustu við Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst lækkunar á greiðslukröfu varnaraðila til samræmis við tilboð hans í verkið. Varnaraðili krefst þess að kröfu varnaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 17. júlí 2023, var varnaraðilum gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust 25. júlí 2023. Þá bárust athugasemdir aðila 10. og 14. ágúst 2023.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda, umboð, skjáskot af tilboði varnaraðila, skjáskot af skilaboðum varnaraðila til sóknaraðila, dags. 18. maí 2023, reikningur varnaraðila, dags. 2. júní 2023, greiðslukvittun sóknaraðila, dags. 5. júlí 2023, afrit af skriflegum samskiptum milli aðila og vinnuskýrsla.

Með bréfi, dags. 10. apríl 2024, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt gögnum máls var af hálfu sóknaraðila óskað eftir tilboði varnaraðila í verk sem fól í sér þrif og fúun á stéttum á lóð við fjöleignarhús sóknaraðila, hreinsun og kantskurður á beði við lóðarmörk, jarðvegsskipti á beði fyrir framan fasteignina með nýrri gróðurmold ásamt förgun á úrgangi og loks gróðursetning í bæði beð með tilgreindum trjám og plöntum. Varnaraðili sendi sóknaraðila tilboð sitt þann 1. maí 2023 þar sem fram kom að varnaraðili áætlaði að verkið tæki milli 28-36 tíma auk þriggja tíma í flutning á mold og förgun jarðvegsúrgangs með kranavörubíl og þriggja tíma við val á gróðri og flutningi þess. Þá sagði að tímagjald hvers starfsmanns væri 8.450 krónur, 27.900 krónur vegna flutnings á jarðvegi og 12.900 krónur á tímum vegna vinnu garðyrkjufraeðings við val á gróðri, allt að viðbættum virðisaukaskatti. Að endingu tilgreindi varnaraðili að bætast myndi við sorpugjald að fjárhæð um 12.000 krónur auk virðisaukaskatts og kostnaður við kaup á gróðurmold og gróðri frá [...]. Í kjölfarið óskaði sóknaraðili eftir upplýsingum frá varnaraðila um endanlegan kostnað við verkið. Taldi varnaraðili að kostnaður vegna allrar vinnu yrði um 550.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og kostnaður við kaup á mold og gróðri um 100.000 krónur, alls um 650.000 krónur. Samþykkti sóknaraðili tilboð varnaraðila 3. maí 2023 og hófst verkið nokkrum dögum síðar. Á meðan á verkinu stóð óskaði sóknaraðili eftir við varnaraðila að hann myndi kaupa og sækja hvíta mól og síðan dreifa henni á tiltekin svæði á lóðinni. Þann 18. maí 2023 upplýsti varnaraðili

sóknaraðila að fjöldi unninna tíma vegna verksins væri kominn upp í 34 og hálfan tíma og að fyrirséð væri að verkið færi eitthvað yfir áætlun.

Með reikningi, útgefnum 2. júní 2023, krafði varnaraðili sóknaraðila um greiðslu fyrir 77 unna tíma auk efniskostnaðar, tveggja tíma notkunar vörubíls sem og akstursgjald við efnisflutning og förgunargjald til Sorpu. Samtals nam fjárhæð reikningsins 876.034 krónum, að virðisaukaskatti meðtöldum og að teknu tilliti til 135.000 króna afsláttar.

Helstu röksemdir sóknaraðila eru að varnaraðili sé bundinn af ákvæðum laga nr. 42/2000 um þjónustukaup, einkum 29. gr. laganna sem kveður á um að verð vegna þjónustuverks megi ekki fara verulega fram úr verðáætlun seljanda. Sóknaraðili telur því að varnaraðili hafi krafist of hárrar greiðslu fyrir verkið miðað við uppgefna verðáætlun. Vísar sóknaraðili til þess að ekkert bendi til þess að við þjónustu varnaraðila hafi komið upp atvik sem varnaraðili hafi ekki getað séð fyrir þegar tilboðið var gert. Sóknaraðili kveðst hafa millifært 650.000 krónur inn á reikning varnaraðila, dags. 5. júlí 2023, og telur sig þannig hafa fullefnt samning aðila. Krefst sóknaraðili því að greiðslukrafa varnaraðila verði lækkuð með vísan til framangreinds.

Varnaraðili heldur því fram að útgefinn reikningur hans sé í fullu samræmi við umfang og vinnu þess verks sem sóknaraðili hafi óskað eftir. Hafi varnaraðili útbúið verðáætlun fyrir sóknaraðila í aðdraganda verks sem numið hafi um 650.000 krónum með virðisaukaskatti. Kveðst varnaraðili leggja áherslu á að um verðáætlun hafi verið að ræða en ekki fast tilboð enda hafi verið erfitt að gera sér grein fyrir öllu umfangi verksins áður en það hófst. Á meðan á verkinu hafi staðið hafi sóknaraðili óskað eftir frekari þjónustu sem aðallega hafi falist í því að kaupa og sækja hvíta mól og dreifa henni á tiltekin svæði á lóð sóknaraðila. Þá kveðst varnaraðili einnig hafa upplýst sóknaraðila um að fyrirséð væri að verkið myndi fara eitthvað fram úr áætlun í skriflegum skilaboðum þann 18. maí 2023 og í kjölfarið hafi varnaraðili og annar eigandi fasteigna að [...] rætt saman um framhaldið. Því hafi tímafjöldi verksins ekki átt að koma sóknaraðila á óvart. Við uppgjör vegna verksins hafi varnaraðili ákveðið að gefa sóknaraðila afslátt af greiðslukröfu sinni, vegna bæði framgangs verksins sem og vegna minniháttar óhapps í kjallara fasteignarinnar þegar gleymst hafi að skrófa fyrir vatnsslöngu sem leiddi til þess að pappírar eins íbúa hússins blotnuðu. Hafi aðilar orðið ásáttir um 135.000 króna afslátt til handa sóknaraðila. Nokkrum dögum eftir útgáfu reiknings hafi gjaldkeri sóknaraðila haft samband við varnaraðila og mótmælt reikningnum.

IV

Lagaumhverfi

Í II. kafla laga nr. 42/2000 (þkpl.) er fjallað um samninga um kaup á þjónustu o.fl. Í 4. gr. laganna er kveðið á um að útseld þjónusta, sem veitt sé í atvinnuskyni, skuli vera byggð á fagþekkingu og í samræmi við góða viðskiptahætti. Þá er seljanda skylt að veita allar upplýsingar og leiðbeiningar um vinnu verks með hagsmuni neytanda fyrir augum. Fjallað er um leiðbeiningarskyldu seljanda í 6. gr. laganna. Í 7. gr. þeirra segir að seljandi geti þrátt fyrir ákvæði 6. gr. krafist greiðslu vegna vinnu og útlagðs kostnaðar að svo miklu leyti sem það getur talist sanngjarnt. Af ákvæðum 4. og 6. gr. laganna leiðir að seljandi hefur leiðbeiningarskyldu að gegna en markmið þeirra er að koma í veg fyrir óvænt og ófyrirséð útgjöld fyrir neytanda. Þá ber seljanda að tilkynna neytanda ef þjónustan verður mun dýrari en neytandinn hefur mátt gera ráð

fyrir. Aðili sem hefur atvinnu af því að selja þjónustu sína á grundvelli fagþekkingar er betur fær um að gera sér grein fyrir kostnaði og tíma við verk en kaupandi þess.

Fjallað er um verð á þjónustu í VII. kafla þkpl. Ákvæði 29. gr. laganna tekur til þeirra aðstæðna þegar seljandi þjónustu hefur látið neytanda í té verðáætlun en þá má verðið ekki fara verulega fram úr þeirri áætlun. Í athugasemdum með frumvarpi til laganna segir að hlutlægt mat ráði því hvort verðið teljist hafa farið verulega fram úr áætlun. Við matið skuli meðal annars líta til þess hvaða upplýsingar seljandi hafi veitt neytanda um hvort verðáætlun mundi standast. Ef seljandi hefur skýrt neytanda frá því að um lauslegt mat sé að ræða hefur það áhrif. Ef seljandi hefur látið í té verðáætlun sem er byggð á ákveðnum skilyrðum verða fyrirvarar hans einnig lagðir til grundvallar. Í 30. gr. þkpl. segir að þrátt fyrir að seljandi þjónustu hafi gert tilboð eða verðáætlun ber honum viðbótargreiðsla hafi verð hækkað vegna kringumstæðna sem hann gat ekki séð fyrir. Í 1. mgr. 31. gr. þkpl. kemur fram að seljanda þjónustu beri skylda til að tilkynna neytanda um hækkanir sem fara verulega fram úr áður upp gefnu verði án tafar og óska eftir fyrirmælum um verkið. Í 2. mgr. sama ákvæðis segir að fullnægi seljandi ekki tilkynningarskyldu sinni skv. 1. mgr. getur hann ekki gert kröfu um fullt verð eða krafist viðbótargreiðslu, sbr. þó ákvæði 7. gr. þkpl.

V

Niðurstaða

Sóknaraðili, sem er húsfélag um fasteignirnar að [...], óskaði eftir þjónustu varnaraðila við tilgreinda garðvinnu í maí 2023. Kærunefndin telur að sú þjónusta sem deilt er um í málinu eigi undir gildissvið laga nr. 42/2000 um þjónustukaup sem aðrar framkvæmdir á landi í skilningi 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna.

Af gögnum málsins verður ráðið að ekki sé uppi ágreiningur um árangur verksins. Ágreiningur aðila varðar hins vegar fjárhæð þóknunar varnaraðila vegna verksins.

Í málinu liggur fyrir að varnaraðili gerði tilboð í garðvinnu á lóð sóknaraðila, með smáskilaboðum til annars af tveimur eigendum fasteigna að [...], dags. 1. maí 2023. Af gögnum málsins verður ráðið að varnaraðili var eingöngu í samskiptum við viðkomandi vegna verksins. Í skilaboðum varnaraðila kemur m.a. eftirfarandi fram: „Áætla 28-36 mannvinnustundir, 3t á vörubíl með mold og förgun og 3t við val á gróðri og flutning. Tímagjald okkar er 8.450 kr. + vsk per tímann sem er gjaldið á áætluðum 28-36 tímum, 12.900 kr + vsk garðyrkjufрэðingur x 3 tímar og tókum 27.900 kr. + vsk fyrir vörubíl með krana x 3 tímar. Við myndi bætast sorpugjald um 12.000 kr. + vsk, kostnaðarverð fyrir gróðurmold og gróður úr [...].“ Aðspurður um endanlegan kostnað svaraði varnaraðili svo: „um 550.000 kr með vsk fyrir alla vinnu, akstur, förgun og efni ef þetta færi í 36 tíma. En fyrir utan gróðurinn en með okkar afslætti væri hann líklega um 100.000 kr...“ Með hliðsjón af þeim upplýsingum sem varnaraðili veitti sóknaraðila um áætlaðan heildartíma verksins og þar með áætlaða heildargreiðslu, verður ekki annað sé en að um verðáætlun hafi verið að ræða í skilningi 29. gr. þkpl. Á meðan á verki stóð óskaði annar eigenda fasteignarinnar, munnlega, eftir aukaverki sem fólst í því að kaupa og sækja hvíta mól og dreifa henni á tiltekin svæði á lóð sóknaraðila. Þann 18. maí 2023 sendi varnaraðili sóknaraðila smáskilaboð þar sem m.a. kemur fram: „[v]il bara upplýsa þig um að tímafjöldinn er kominn í 34,5t svo þetta fer eitthvað yfir áætlun. Sparast reyndar 3t hjá mér á móti af því að það er garðyrkjufрэðimenntuð manneskja í verkinu....“ Kveðst sóknaraðili hafa í kjölfarið óskað eftir upplýsingum um hversu mikið varnaraðili myndi fara yfir

áætlaðan tímafjöldi í skilaboðum en hafi ekki fengið svör við því frá varnaraðila. Varnaraðili heldur því hins vegar fram að verkstjóri hans hafi rætt við annan eiganda sóknaraðila á verkstað og upplýst hana um stöðu verksins og aukið umfang þess. Í kjölfarið hélt varnaraðili verkinu áfram og lauk því 22. maí 2023. Með reikningi útgefnum 2. júní 2023 krafði varnaraðili sóknaraðila um greiðslu fyrir 77 unnar klukkustundir auk ýmiss efniskostnaðar, vinnu vörubíls í tvær klukkustundir, aksturs við efnisflutning og förgunar á jarðvegsúrgangi, alls að fjárhæð 876.034 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og að teknu tilliti til 135.000 króna afsláttar á verkinu. Ágreiningur varð milli aðila í kjölfarið um fjárhæð reikningsins. Millifærði gjaldkeri sóknaraðila 650.000 krónur inn á bankareikning varnaraðila 5. júlí 2023 og taldi að með þeirri greiðslu hafi sóknaraðili fullgreitt varnaraðila fyrir verkið.

Undir rekstri málsins óskaði kærunefndin eftir frekari upplýsingum frá varnaraðila varðandi ástæður þess að verkið fór fram úr áætluðum fjölda vinnustunda. Í svari varnaraðila kom meðal annars eftirfarandi fram: „*[i]nn í þessari 28-36 klst. áætlun var ekki inni vinna við efnisflutninga og mölunin eða innkaup á plöntum sem voru gerð og tóku sinn tíma þar sem kaupandi var tvístígandi um efnisval auk þess minnir mig að suma hluti hafi þurft að tvívinna vegna þess að fyrirmæli frá kaupanda varðaði staðsetningar efnis í garði hafi breyst. Hugsanlega var áætlunin í lægri kantinum en við tókum ábyrgð á því að láta vita að fram færi úr áætlun auk þess sem við gáfum ansi vænan afslátt af heildarverkinu...*“

Í málinu liggur fyrir að umkrafðar vinnustundir varnaraðila fóru nokkuð fram úr því sem áætlun hans gaf til kynna í tilboði. Hins vegar er óumdeilt að sóknaraðili óskaði eftir frekari vinnu varnaraðila, á meðan á verkinu stóð, sem fólst í því að kaupa og sækja hvíta möl og bera hana á tiltekin svæði á lóð sóknaraðila. Var verkið því umfangsmeira en gert var ráð fyrir í upphafi. Þá liggur fyrir að varnaraðili tilkynnti sóknaraðila með skriflegum hætti þann 18. maí 2023 að fyrirséð væri að verkið færi fram yfir áætlun, sbr. 1. mgr. 31. gr. þkpl. Ekki liggur því annað fyrir en að varnaraðili hafi sinnt upplýsingaskyldu sinni gagnvart öðrum eiganda hússins sem kom fram fyrir hönd beggja eigenda gagnvart varnaraðila. Verður því ekki talið að varnaraðili hafi farið verulega fram úr uppgefinni áætlun sinni í skilningi 29. gr. þkpl.

Með hliðsjón af framangreindu telur kærunefndin að sóknaraðila beri að greiða varnaraðila fyrir vinnu hans á grundvelli þess sem sanngjarnt þykir samkvæmt 6., 7. og 30. gr. þkpl. Líkt og að framan greinir óskaði sóknaraðili eftir aukaverki eftir tilboðsgerðina. Þá liggur fyrir að varnaraðili upplýsti annan eiganda fasteigna í húsfélaginu um að verkið yrði meira að umfangi en talið hafi verið í aðdraganda verks með skilaboðum 18. maí 2023. Af gögnum máls verður ráðið að aðilar máls ræddu saman í kjölfarið og var verkinu áfram haldið af þremur starfsmönnum varnaraðila í tvo daga eða alls 42,5 klukkustundir. Þá verður jafnframt að líta til þess að verk varnaraðila hafði fjárhagslegt gildi fyrir sóknaraðila. Er kröfu sóknaraðila um lækkun á greiðslukröfu varnaraðila því hafnað.

VI
Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila X, er hafnað.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson